

# **Gróður á vegstæði við Varmá og Köldukvísl í Mosfellsbæ**

**Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson**

Unnið fyrir Mosfellsbæ


NÍ-06014

Reykjavík, október 2006



NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN ÍSLANDS



		<b>Reykjavík</b> <input checked="" type="checkbox"/> <b>Akureyri</b> <input type="checkbox"/>
<b>Skýrsla nr.</b> NÍ-06014	<b>Dags, Mán, Ár</b> Október 2006	<b>Dreifing</b> <b>X Opin</b> <b>Lokuð</b>
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill</b> Gróður á vegstæði við Varmá og Köldukvísl í Mosfellsbæ		<b>Upplag</b> 25 <b>Fjöldi síðna</b> 13 <b>Kort / Mælikvarði</b> Gróðurkort 1:2000
<b>Höfundar</b> Kristbjörn Egilsson og Guðmundur Guðjónsson		<b>Verknúmer</b> <b>Málsnúmer</b> 2006100001
<b>Unnið fyrir</b> Mosfellsbær		
<b>Samvinnuaðilar</b>		
<b>Útdráttur</b> Samkvæmt beiðni frá bæjarverkfræðingi Mosfellsbæjar gerði Náttúrufræðistofnun Íslands gróðurkort og kannaði útbreiðslu háplantna vegna fyrirhugaðrar veglínu tengibrautar milli Skeiðholts og Leirvogstungu. Sérstaklega var óskað eftir því að kannað yrði hvort fitjasef ( <i>Juncus gerardii</i> ), sem er friðuð háplöntutegund og á valista, yxi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar fóru um svæðið 3. og 4. október 2006.  Skráðar voru tegundir háplantna sem vaxa á fyrirhuguðu vegstæði og gróður kortlagður á vegstæðinu og í næsta nágrenni þess. Engar válistategundir fundust á fyrirhuguðu vegstæði og óveruleg skerðing mun verða á gróðurfélögum ef ítrustu varúðar verður gætt.		
<b>Lykilorð</b> Varmá, Kaldakvísl, gróðurfur, háplöntur, gróðurkort, fitjasef, <i>Juncus gerardii</i> , náttúrminjar, náttúruvernd		<b>Yfirfarið</b> ÁI, PH



**EFNISYFIRLIT**

1 INNGANGUR	7
2 KORTLAGÐA SVÆÐIÐ	7
3 HÁPLÖNTUR	7
3.1 Fitjasef ( <i>Juncus gerardii</i> )	8
4 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR	9
5 RITASKRÁ	10
1. viðauki. Flóra í fyrirhuguðu vegstæði við Varmá og Leirvogsa	11
GRÓÐURKORT	13



## 1 INNGANGUR

Samkvæmt beiðni Jóhönnu B. Hansen, bæjarverkfræðings Mosfellsbæjar í tölvubréfi dagsettu 29. september 2006, gerði Náttúrufræðistofnun Íslands gróðurkort og kannaði útbreiðslu háplantna vegna fyrirhugaðrar veglínu tengibrautar milli Skeiðholts og Leirvogstungu. Sérstaklega var óskað eftir því að kannað yrði hvort fitjasef (*Juncus gerardii*), sem er friðuð háplöntutegund og á valista, yxi á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar fóru um svæðið 3. og 4. október 2006.

## 2 KORTLAGÐA SVÆÐIÐ

Vegna fyrirhugaðrar tengibrautar var gróður á vegstæðinu og næsta nágrenni þess kortlagður í stórum mælikvarða (1:2000). Áður hafði gróður verið kortlagður á svæðinu í minni mælikvarða (1:10.000–1:40.000) á vegum Rannsóknastofnunar landbúnaðarins, fyrst árið 1968.

Svæðið sem nú var kortlagt er 367 ha að flatarmáli og er gróðurfar á því mjög fjölbreytt. Þar er að finna náttúrulegan gróður; sérstæðan fitjagróður, blautan flóa, nauðbeittar mýrar, sendinn deiglendisgróður, gróskumikið graslendi, samfelldan mosagróður og blómendi (sjá meðfylgjandi gróðurkort).

Á kortlagða svæðinu er einnig mikið af uppgræddu graslendi sem trjám hefur víða verið plantað í. Alaskalúpína vex í allmiklum mæli hér og þar um svæðið og er hún í stöðugri sókn.

Gróðursamfélög sem fyrirhugað vegstæði við Varmá og Kaldá liggur um, eru öll algeng á héraðs- og landsvísu nema hugsanlega jaðar gróðurfélags þar sem hálmgresi og strandsauðlaur eru ríkjandi (T3/L11 á gróðurkortinu). Náttúrufræðis- og gróðurfarslega má skipta svæðinu í þrjá hluta. Að sunnan liggja fyrstu 150 metrar fyrirhugaðs vegstæðis í brekku þar sem graslendi hefur verið ræktað upp og trjám plantað á mel þar sem áður voru malarnámur. Á næstu 240 m liggur vegstæðið yfir Varmá utan í uppgrónum hól að bökkum Kaldár. Þar er náttúrulegt graslendi, talsvert mýrlendi og blómlegt deiglendi á bökkum Varmár. Nyrsti hlutinn (um 160 m) frá Kaldá að reiðvegi liggur um samfellt gróið flatlendi þar sem graslendi og alaskalúpína ráða ríkjum. Vegstæðið snertir lítilsháttar frekar sjaldgæfan deiglendisgróðurreit þar sem hálmgresi og strandsauðlaur eru ríkjandi. Ástæða er til að gæta þess þegar framkvæmdir hefjast að raska gróðrinum þar sem allra minnst (T3/L11 á gróðurkortinu).

Allt vegstæðið norðan Varmár er nú mikið beitt og hefur greinilega svo verið um langt árabil.

## 3 HÁPLÖNTUR

Samtals voru skráðar 93 tegundir háplantna, auk ættkvísla túnfífla og undafífla, á rannsóknasvæðinu á og við vegstæðið. Talið er að á Íslandi vaxi 458 villtar tegundir háplantna að meðtöldum 20 tegundum undafífla (Hörður Kristinsson 1986). Allar tegundirnar sem fundust eru algengar á Suðvesturlandi og á landsvísu.

Vakin er athygli á því að skráning á tegundafjölbreytni háplantna var gerð þegar langt var liðið á haust. Þess vegna er meðfylgjandi listi ekki tæmandi. Viðbúið er að allmargar tegundir til

viðbótar finnast ef svæðið yrði skoðað að sumarlagi. Einnig ber þess að geta að hluti svæðisins, einkum allstórt mýrlendi, er þrautnagað og traðkað af hrossum. Plöntur bera þess augljós merki og líkur eru á að fleiri tegundir fyndust í votlendinu yrði það friðað og gróðurinn fengi að jafna sig á of mikilli beit.

Við skráningu háplantna var lögð áhersla á að afla upplýsinga um villtar blómplöntur og byrkninga. Á svæðinu er einnig nokkuð af slæðingum og tegundum sem borist hafa úr nálægum görðum með sjálfsáningu eða hefur verið plantað. Þessar tegundir voru ekki skráðar á tegundalistann.

### 3.1 Fitjasef (*Juncus gerardii*)

Sérstaklega var skoðað hvort á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði fyndist fitjasef, en það fannst fyrst á Íslandi árið 1976 í Varmárossum liðlega 500 metrum utan við fyrirhugað vegstæði. Árið 2002 fannst fitjasef einnig við Knarrarnes á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð og eru þetta einu þekktu fundarstaðir plöntunnar á Íslandi (1. mynd).


Náttúrufræðistofnun Íslands fylgist með tegundum sem eru á válista. Sumarið 2002 fóru Hörður Kristinsson, Eva G. Þorvaldsdóttir og Björgvin Steindórsson og könnuðu ástand fitjasefsins. Hörður fór einnig um svæðið sumarið 2006.

Í Varmárossum vex fitjasef á flatlendi á sjávarfitjum, undir efstu flóðmörkum sjávar. Það myndar þar samfelldar breiður á tveimur stöðum innan um túnvingul, sjávarfitjung og skriðlíngresi. Annað vaxarsvæðið er aflangt og hálfmánalaga, um 55 m á lengd og 10 m á breidd. Hitt, sem er lítið eitt norðar við bakka Varmár eftir að Kaldá hefur sameinast henni, er um 25 m langt og 4–5 m breitt. Ítarlegri lýsingu er að finna í Náttúrufræðingnum 1977 (Arnþór Garðarsson 1977).

Fitjasef var friðlýst með auglýsingu nr.184/1978 í Stjórnartíðindum og í samræmi við lög nr. 47/1971 um náttúruvernd. Það er einnig á válista (Náttúrufræðistofnun Íslands 1996) og er í flokki tegunda sem eru í bráðri hættu (CR). Varmárossar voru lýstir friðland árið 1980. Sú friðlýsing var endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Varmá er einnig á náttúruminjaskrá frá upptökum til ósa, enda ein fárra ylvolgra áa á landinu. (Náttúruminjaskrá 1996).

Ekkert fitjasef fannst á fyrirhuguðu vegstæði og telur Náttúrufræðistofnun Íslands litlar líkur á að það finnast þar við nákvæmari leit að sumri. Ástæðan er sú að þótt vegstæðið sé nálægt vaxtarstað fitjasefsins eru aðstæður þar aðrar, t.d. gætir áhrifa sjávar þar minna en á fundarstöðum plöntunnar.





1. mynd. Fitjasef *Juncus gerardii* hefur fundist á tveimur stöðum á Íslandi, við Varmárósa í Mosfellsbæ og við Knarrarnes á Svalbarðsströnd við Eyjafjörð. Tegundin og búsvæði hennar er friðuð skv. lögum og er á válista. Ljós. Guðmundur Guðjónsson, október 2006..

#### 4 TILLÖGUR OG ÁBENDINGAR

**Varmá.** Náttúrufræðistofnun Íslands bendir á að þar sem Varmárósar eru friðlýstir og áin í heild á Náttúru-minjaskrá ber að umgangast hana og vatnasvið hennar af fyllstu virðingu og nærgætni. Við þéttingu byggðar verða sífellt meiri líkur á að vatn í ánni spillist, í hana safnist rusl og að árbakkarnir verði fyrir skemmdum vegna ágangs manna eða vinnuvéla. Á þeim stutta kafla við Varmá sem skoðaður var vegna gróðurannsóknna haustið 2006 var áberandi hversu mikið drasl var í ánni og við árbakkana. Náttúrufræðistofnun Íslands telur brýnt að hafist verði handa sem fyrst við að hreinsa rusl úr ánni.

Friðaða svæðið við Varmárósa er skammt utan við fyrirhugað vegstæði og getur auðveldlega orðið fyrir áhrifum af völdum framkvæmda ef verktakar sýna ekki aðgát við verkið. Gróðurinn á sjávarfitjunum við Varmárósa er fjölbreyttur og hefur mikið gildi. Þar er auk fitjasefsins að finna á einum stað flestar þær tegundir sem vaxa í grónu flæðilandi á Íslandi, m.a. skriðlíngresi, strandsauðlauk, stjörnuarf, túnvingul, hrossanál, vætuskúf, sjávarfitjung, kattartungu, tágamuru, flæðastör og hálmgresi.

**Fitjasef.** Búsvæði fitjasefs í Varmárósum er eitt af náttúrudjásnum Mosfellsbæjar. Áriðandi er að mikilvægi svæðisins í náttúru landsins sé kynnt íbúum t.d. með kynningarþjöldum, á heimasíðu bæjarins og í skólum. Með því móti eru minni líkur á að svæðið verði fyrir raski vegna ónógra upplýsinga.

Þar sem Varmá er á náttúru-minjaskrá og til mótvægis við rask vegna fyrirhugaðra framkvæmda og hugsanlegrar aukinnar ániðslu vegna þéttingar byggðar, leggur Náttúrufræðistofnun Íslands til að létt verði beit af landinu milli ána. Einnig er æskilegt að stemma stigu við frekari útbreiðslu alaskalúpínu á kortlagða svæðinu og í nágrenni þess vegna nálægðar við friðuð svæði.

## 5 RITASKRÁ

Arnbór Garðarsson 1977. Fitjasef (*Juncus gerardii* Loisel.) fundið á Íslandi. Náttúrufræðingurinn 47(3–4): 142–148.

Hörður Kristinsson 1986. Plöntuhandbókin. Blómplöntur og byrkningar. Íslensk náttúra II. Örn og Örlygur. Reykjavík. 306 bls.

Náttúrufræðistofnun Íslands 1996. Válisti 1. Plöntur. 82 bls.

Náttúruminjaskrá 1996. Skrá um friðlýst svæði og aðrar náttúruminjar. 7. útgáfa. Náttúruverndarráð. 64 bls.

## 1. VIDAUKI. Flóra í fyrirhuguðu vegstæði við Varmá og Leirvogsa

Íslenskt heiti	Latneskt heiti
Axhnoðapuntur	<i>Dactylis glomerata</i>
Axhæra	<i>Luzula spicata</i>
Baldursbrá	<i>Matricaria maritima</i>
Beitieski	<i>Equisetum variegatum</i>
Beitilyng	<i>Calluna vulgaris</i>
Birki	<i>Betula pubescens</i>
Bláberjalýng	<i>Vaccinium uliginosum</i>
Blásveifgras	<i>Poa glauca</i>
Blávingull	<i>Festuca vivipara</i>
Blóðberg	<i>Thymus praecox</i>
Brennisóley	<i>Ranunculus acris</i>
Brjóstagras	<i>Thalictrum alpinum</i>
Dílaburkni	<i>Dryopteris assimilis</i>
Engjarós	<i>Potentilla palustris</i>
Fjalldalaffill	<i>Geum rivale</i>
Friggjargras	<i>Platanthera hyperborea</i>
Geldingahnappur	<i>Armeria maritima</i>
Grasviðir	<i>Salix herbacea</i>
Gráviðir	<i>Salix callicarpaea</i>
Grávorbóm	<i>Draba incana</i>
Gullkollur	<i>Anthyllis vulneraria</i>
Gullmura	<i>Potentilla crantzii</i>
Gulmaðra	<i>Galium verum</i>
Gulstör	<i>Carex lyngbyei</i>
Gulviðir	<i>Salix phylicifolia</i>
Haugarfi	<i>Stellaria media</i>
Háliðagras	<i>Alopecurus pratensis</i>
Hálingresi	<i>Agrostis capillaris</i>
Hálmgresi	<i>Calamagrostis stricta</i>
Hjartarfi	<i>Capsella bursa-pastoris</i>
Hlaðkolla	<i>Chamomilla suaveolens</i>
Holtasóley	<i>Dryas octopetala</i>
Holurt	<i>Silene uniflora</i>
Horblaðka	<i>Menyanthes trifoliata</i>
Hóffill	<i>Tussilago farfara</i>
Hófsóley	<i>Caltha palustris</i>
Hrafnaklukka	<i>Cardamine nymanii</i>
Hundasúra	<i>Rumex acetosella</i>
Húsapuntur	<i>Elymus repens</i>
Hvítmaðra	<i>Galium normanii</i>
Hvítmári	<i>Trifolium repens</i>
Imreyr	<i>Anthoxanthum odoratum</i>
Klóelfting	<i>Equisetum arvense</i>
Klófifa	<i>Eriophorum angustifolium</i>
Knjáliðagras	<i>Alopecurus geniculatus</i>
Kornsúra	<i>Bistorta vivipara</i>
Krossfífill	<i>Senecio vulgaris</i>
Krossmaðra	<i>Galium boreale</i>
Krækilyng	<i>Empetrum nigrum</i>
Lambagras	<i>Silene acaulis</i>
Laugabrúða	<i>Callitriche stagnalis</i>
Ljónslappi	<i>Alchemilla alpina</i>
Loðviðir	<i>Salix lanata</i>
Lokasjóður	<i>Rhinanthus minor</i>
Lækjasef	<i>Juncus bufonius</i>
Mariustakkur	<i>Alchemilla vulgaris</i>
Mariuvöndur	<i>Gentianella campestris</i>
Melablóm	<i>Cardaminopsis petraea</i>
Mjaðurt	<i>Filipendula ulmaria</i>
Móasef	<i>Juncus trifidus</i>
Mýradúnurt	<i>Epilobium palustre</i>

Strandsauðlaukur	<i>Triglochin maritima</i>
Mýrastör	<i>Carex nigra</i>
Mýrfjóra	<i>Viola palustris</i>
Naflagras	<i>Koenigia islandica</i>
Njóli	<i>Rumex longifolius</i>
Sigurskúfur	<i>Epilobium angustifolium</i>
Skammkrækill	<i>Sagina procumbens</i>
Skariffill	<i>Leontodon autumnalis</i>
Skógarkerfill	<i>Anthriscus sylvestris</i>
Skriðlíngresi	<i>Agrostis stolonifera</i>
Skriðsóley	<i>Ranunculus repens</i>
Skurfa	<i>Spergula arvensis</i>
Snarrótarpuntur	<i>Deschampsia caespitosa</i>
Spánarkerfill	<i>Myrrhis odorata</i>
Stjörnuarfi	<i>Stellaria crassifolia</i>
Tágamura	<i>Potentilla anserina</i>
Túnfíflar	<i>Taraxacum</i> spp.
Túnsúra	<i>Rumex acetosa</i>
Túnvingull	<i>Festuca richardsonii</i>
Týsfjóra	<i>Viola canina</i>
Týtulíngresi	<i>Agrostis vinealis</i>
Umfeðmingsgras	<i>Vicia cracca</i>
Undafíflar	<i>Hieracium</i> spp.
Vallarfoxgras	<i>Phleum pratense</i>
Vallarsveifgras	<i>Poa pratensis</i>
Vallefting	<i>Equisetum pratense</i>
Vallhumall	<i>Achillea millefolium</i>
Vallhæra	<i>Luzula multiflora</i>
Varpasveifgras	<i>Poa annua</i>
Vegarfi	<i>Cerastium fontanum</i>
Vætudúnurt	<i>Epilobium watsonii</i>
Vætuskúfur	<i>Eleocharis uniglumis</i>
Þursaskegg	<i>Kobresia myosuroides</i>
Ætihvönn	<i>Angelica archangelica</i>

---

**Samtals 93 tegundir**



**SKÝRINGAR:**

**Þurrlandi**

- A5 Mosi með grösum
- D5 Gulviðir - grös
- H1 Grös
- H5 Sjávarfitjungur

- L1 Hávaxnar blómjurtir
- L2 Lágvaxnar blómjurtir
- L3 Alaskalúpína
- L11 Strandsauðlaukur
- R5 Uppgræðsla
- R6 Ræktaður skógur

**Vottlandi**

- T3 Hálmgresi
- T5 Grös og starir
- T9 Hrossanál - vingull
- U5 Mýrastór
- U8 Mýrastór - gulstór
- V1 Gulstór
- V11 Vætuskúfur

**Annað**

- Gróðurþekja
- x Þekja að meðaltali 75%
- z Þekja að meðaltali 50%
- þ Þekja að meðaltali 25%
- a Nokkuð grýtt
- b Allmikið grýtt

**Lítt gróið eða gróðurlaust land**

- by Byggð
- ra/r Rask
- av Vatn

**GRÓÐURKORT VIÐ VARMÁ  
TENGIBRAUT  
SKEIÐHOLT - LEIRVOGSTUNGA**



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS 2006